

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Melavellir Melavellir, Kjalarnes



Dags eftirlits	18.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Matfugl - Melavellir	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Völuteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í síðara eftirlit ársins hjá hænsnabúi Matfugls við Melavelli. Eitt frávik kom fram frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stöðu fráviks frá síðasta eftirliti:

Frávik frá grein 1.1 í almennum starfsleyfisskýrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að ekki safnist þar fyrir úrgangur. Óþekktur timburúrgangur er í gili norðan megin við verksmiðjuna. Rekstraraðili hefur beðið um frest til 31. maí til að fjarlægja timbrið. Umhverfisstofnun hefur fallist á úrbótaáætlunina.

Þrjár ábendingar hafa borist frá nágrönnum vegna lykta frá búinu. Ábendingar um lykt bárust vegna dagana 28-29. ágúst og 5. september sl. Umhverfisstofnun er með til skoðunar mengun frá þauleldisbúum og mælitíðni þeirra.

Farið var í skoðunarferð um svæðið. Nýbúið var að tæma eitt hús og voru aðstæður inni því skoðaðar. Almennt var snyrtilegt um að lítast á svæðinu. Olútankur án árekstrarvarna var við eitt húsanna og uppfyllir því ekki kröfur olíureglugerðar nr. 884/2917. Rætt var um BAT niðurstöður fyrir þauleldi sem framkæmdastjórn Evrópu gaf út árið 2017. Rekstraraðila ber að fara eftir kröfum sem settar eru þar fram. BAT niðurstöður má finna á vef Evrópusambandsins, BAT conclusions for the intensive rearing of poultry or pigs.

Frávik frá

Lýsing á frávik

reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi


Árekstarvörn vantar við olútank en skv. reglugerðinni skal tryggja öruggar mengunar-, áreksturs,eld- og slysavarnir við neyslutanka.

Umhverfisstofnun fékk sendar myndir í tölvupóstsamskiptum þann 18. janúar sl. sem staðfesti að rekstraraðili hefur brugðist við og sett upp árekstarvörn við tank. Frávikinu telst lokið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.01.2019


Einar Halldórsson

